

# Stjórnarfundur SKL

Haldinn á Hótel Holti, kl. 08:00, 05.10.2010

Mætt voru Ragnar Bragason, Friðrik Þór Friðriksson, Hilmar Oddsson og Óskar Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt.
2. Ragnar hefur verið að pressa á að dagskrárráð fyrir Bíó Paradís sé sett á laggirnar. Hann gerir ráð fyrir stjórnarfundum í vikunni þar sem verður skipað í ráð. Formenn FK og SKL hafa fundað um möguleika á sjónvarpsþætti hjá RÚV og ráðgert er að funda með dagskrárstjóra á næstunni.
3. Ragnar lagði fram drög að samningi leikstjóra við framleiðendur, frá Erlu S. Árnadóttur, sem leikstjórar geta notað sem viðmiðun – og sett á heimasíðu SKL. Ragnar þarf aðeins að uppfæra samninginn.
4. Rætt um afsláttar/frímiðamöguleika félagsmanna í leikhúsin. Það þarf að fara með nafnalista félagsmanna í miðasölur leikhúsanna. Samþykkt að setja í gang hönnun og framleiðslu á félagskírteinum.

Ritari var Óskar Jónasson.